

AUGLÝSING

um staðfesting handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 58/1964.

Handhafar valds forseta Íslands féllust hinn 20. febrúar 1967 á tillögu menntamálaráðherra um breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958 með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 58 frá 1. september 1964:

1. gr.

Á eftir eftirfarandi málsgrein í 50. gr.: „Stúdent skal taka skriflegt próf í almennri rekstrarhagfræði og almennri þjóðhagfræði í síðasta lagi samtímis því, er hann tekur fyrra hluta próf“, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Stúdent skal hljóta að meðaltali einkunnina 7 í þessum tveim greinum til að standast próf.

2. gr.

Í 50. gr. á eftir málsgreininni: „Einkunnir í öðrum prófgreinum hafa gildið I“, og á undan málsgrein, sem hefst á þessum orðum: „Áður en stúdent segir sig til síðara hluta prófs...“ komi ný málsgrein, eftir greinaskil, svo hljóðandi:

Próf í ofanefndum greinum skulu tekin samtímis, með þeim undantekningum, að stúdent skal heimilt að taka áður próf í kjörgreinum með einkunnagildi samtals $1\frac{1}{2}$ svo og í sérgreindri rekstrarhagfræði, enda fari þau próf fram þegar að lokinni yfirferð. Allar prófgreinar síðara hluta mynda í sameiningu einn prófhluta í merkingu 68. gr. 2. málsgr. háskólareglugerðar.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 20. febrúar 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

1. marz 1967.

Nr. 16.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 1. marz 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.